**Nd.** **392. Nefndarálit** [50. mál]

um till. til þál. um hitun húsa með raforku.

Frá iðnaðarnefnd.

Nefndin hefur athugað þáltill. og leggur til, að hún verði samþykkt með svofelldri

BREYTINGU:

Tillögugreinin orðist svo:

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á iðnaðarráðherra að beita sér fyrir aukinni notkun raforku til húsahitunar á öllum þeim svæðum, þar sem jarðhita er ekki völ sem hagkvæmari hitagjafa. Gera skal sem fyrst áætlun, þar sem stefnt verði að því, að innlendar orkulindir verði aðalhitagjafi landsmanna.

Eðvarð Sigurðsson var fjarstaddur við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 22. febr. 1971.

Sigurður Ingimundarson, form. Pétur Sigurðsson, fundaskr. Ásberg Sigurðsson, frsm.

Pálmi Jónsson. Gísli Guðmundsson. Þórarinn Þórarinsson.